

## Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlapings - 112 (25.3.2024) - Aðalskipulagsbreyting, Kárahnjúkastífla, Efnisnáma

Málsnúmer : 202402067  
Málsaðili : Landsvirkjun  
Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar  
Fundardagur : 25.03.2024

**Inngangur** : Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga, dagsett 15. mars 2024, um breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna námu við Kárahnjúkastíflu.

**Niðurstaða** : Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga, dagsett 15. mars 2024, um breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna námu við Kárahnjúkastíflu.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og leggur til við sveitarstjórn að málsmeðferð verði í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin er ekki talin hafa veruleg áhrif á núverandi landnotkun né eru áhrif hennar metin mikil á einstaka aðila eða stórt landsvæði.

Samþykkt samhljóða.